

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

1. fundur nýkjörinnar stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 3. des. 1993.
Fundurinn hófst kl. 14:00

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigurgeir Bárðarson, Kristján Auðunsson, Stefán Erlingsson og framkvæmdastjóri L.H. Sigurður Þórhallsson. Sigbjörn Björnsson og Kristmundur Halldórsson komu eftir að fundur byrjaði.

1. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Formaður lagði til að Sigfús Guðmundsson yrði gjaldkeri og Halldór Gunnarsson yrði ritari Landssambandsins, en þessir aðilar gengdu þessum störfum á liðnu kjörtímabili. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

2. Farið yfir þingskjöl og ályktanir 44. ársþings 1993.

Hér verður vísað til þinggerðar L.H. 29.og 30. október 1993, haldið í Varmahlíð í Skagafirði.

Eftirtalin þingskjöl voru rædd á fundinum.

Pingskjal nr. 9 er varðar það að fá felldan niður virðisaukaskatt af reiðhjálnum. Fundurinn felur framkvæmdastjóra að senda viðkomandi yfirvöldum tollamála þessa samþykkt þingsins.

Pingskjal nr. 11 fjallar um sameiginlega nefnd á vegum L.H. og HÍS er geri tillögu að skipuriti af sameinuðum heildarsamtökum hestamanna ásamt tillögum að lögum og reglum fyrir hin sameinuðu samtök. Þetta mál var rætt nokkuð og ákveðið að fresta því að skipa nefndina af hálfu L.H. þar til á næsta fundi.

Pingskjal nr. 13 fjallar um dómaramál. Stjórnin vísar þessu máli áfram til Dómarafélags L.H.

Pingskjal nr. 14 er vísað til keppnisnefndar L.H. Efni þess fjallar um breytingu á kappreiðareglum er varðar heimild til að ræsa hesta á ferð.

Pingskjal nr. 23 samþykkir að stjórn samtaka hestamanna verði falið að stuðla að tölvuvæðingu gæðingadóma á stórmótum með því að annast um gerð hugbúnaðar. Málið var rætt og gert ráð fyrir að milliþinganefnd L.H. setji fram raunhæfar tillögur með það í huga að á Landsmóti L.H. í sumar verði kleift að koma þessu á. Þá þarf í þessu sambandi að finna leiðir til þess að fjármagna þann hugbúnað og vélbúnað sem til þarf.

Pingskjal nr. 25 felur stjórn L.H. að gera kostnaðaráætlun fyrir gerð námsskrár í hestamennsku og kanna leiðir til fjármögnunar þessa verkefnis. Málið var rætt ýtarlega og ákveðið að fela skrifstofu L.H. að hafa samband við Bændaskólanum á Hólum og afla upplýsinga þaðan um námsskrá þá sem þar er notuð varðandi kennslu í hestamennsku. Málið verður væntanlega tekið fyrir á fundi stjórnarinnar í janúarlok liggi þá fyrir hjá skrifstofu L.H. frekari

upplýsingar um þetta málefni.

Pingskjal nr. 26 felur stjórn L.H. að leita leiða til að fá inni á annarri hvorri sjónvarpsstöðinni með fasta þætti um hestamennsku. Fundurinn felur framkvæmdastjóra L.H. að kanna leiðir til þess að þetta geti orðið að veruleika.

Pingskjal nr. 33 beinir því til stjórnar L.H. að hraðað verði útgáfu fyrirliggjandi handrita að Áföngum svo og útgáfu leiðarlýsinga. Fundurinn felur framkvæmdastjóra L.H. að vinna í þessu máli og gera stjórninni grein fyrir hverjir möguleikar eru á áframhaldandi útgáfu á næsta fundi. Kanna þarf sérstaklega útgáfuréttinn á því efni sem til er í Áfanga.

Pingskjal nr. 34 felur stjórn L.H. að beita sér fyrir umræðum um markvissri fræðslu um leiðir til að tryggja að hestamennska sé stunduð í fullri sátt við landið. Stjórnin felur framkvæmdastjóra L.H. að koma efni þessa þingskjals til Landgræðslu ríkisins og fleiri aðila sem málið varða. Einnig skal senda öllum hestamannafélögum þessa þingsályktun.

Pingskjal nr. 36 varðar Stóðhestastöð ríkisins. Efni tillögunnar verði sent Búnaðarfélagi Íslands.

Pingskjal nr. 37 varðar útflutning hrossa. Tillagan verður send Félagi hrossabænda.

Fleiri þingskjöl voru rædd en ekki bókuð frekar.

3. Skipað í starfsnefndir L.H.

Fundurinn valdi eftirtalið fólk í starfsnefndir L.H. til eins árs.

Æskulýðsnefnd:

Rosemarie Þorleifsdóttir,	Smára
Elín Magnúsdóttir,	Sörla
Guðlaug Steingrímdóttir,	Fáki.
Eydís Indriðadóttir,	Herði
Guðmundur Karlsson,	Létti

Reiðveganefnd:

Tilnefningu í nefndina var frestað og ákveðið að ræða frekar "úthlutunarreglur" nefndarinnar er varðar úthlutun reiðvegfjárins sem árlega fer fram.

Milliþinganefnd um tölvuvæðingu gæðingadóma á stórmótum:

Ólafur H. Einarsson	Andvara
Kristján Auðunsson	Fáki

Frá Dómarafélagi L.H.

Eyþór Óskarsson	Geysi
-----------------	-------

Lyfjanefnd:

Guðbrandur Kjartansson	Fáki
Þór Sigþórsson	Sörla
Helgi Sigurðsson	Herði

Erindisbréf fyrir nefndina þarf að rita.

Mótanefnd:

Sigbjörn Björnsson, form.	Faxa
Elísabet P. Þórólfssd.	Andvara
Halldór Gunnarsson	Feyki
Friðfinnur Hilmarsson	Gusti
Haraldur Haraldsson	Fáki

Skógarhólanefnd:

Gunnar B. Gunnarsson, form.	Sleipni
Ásgeir Guðmundsson	Gusti
Kristján Auðunsson	Fáki
Pétur J. Hákonarson	Herði

4. Hesturinn okkar.

Formaður L.H. hóf umræðu um málefni -Hesturinn okkar-. Hann sagði frá viðræðum við Bókaútgáfuna Skjaldborg þar sem rætt hefur verið um að þessir aðilar þ.e. L.H. og Skjaldborg geri með sér samkomulag um útgáfu blaðsins. Málið var rætt ýtarlega og lýstu stjórnarmenn yfir ánægju sinni með þá stefnu sem málið hefur tekið. Ekki er gert ráð fyrir neinum útgjöldum L.H. varðandi fyrirhugaða útgáfu blaðsins. Tekjumöguleikar L.H. varðandi útgáfu blaðsins felast m.a. í auglýsingum sem L.H. gæti hugsanlega safnað. Fundurinn felur Guðmundi, Guðbrandi og Sigfúsi að ganga frá útgáfusamningi við Bókaútgáfuna Skjaldborg.

5. Kvikmyndun Landsmóts L.H. 1994.

Formaður og framkvæmdastjóri L.H. reifuðu málið. Fram kom m.a. að ýmsir aðilar hafa sýnt því áhuga að kvíkmynda Landsmótíð. Fram kom hjá Sigurði framkvæmdastjóra að L.H.þyrfti að fá hluta þess ágóða sem þessi kvíkmyndun gefur í aðra hönd. Kristján og fleiri tóku undir það. Fram kom að það þyrfti að vera á hreinu hver ætti að sjá um málið þ.e.a.s. hvort það væri framkvæmdanefnd landsmóts eða stjórn L.H. Kristmundur lagði til að verkið yrði boðið út. Fram kom að fram að 1990 hafði L.H. af þessu beinan kostnað. Kristján Auðunsson kom inn á að þarna lægu að baki gífurleg verðmæti í auglýsingum í bakgrunn á mynd o.fl. Stefán upplýsti að s.l. summar hefði Eiðfaxi keypt upptökuréttinn að fjórðungsmótinu á Vindheimamelum fyrir dágóðan pening. Ákveðið að halda sameiginlegan fund með okkar fulltrúum og fulltrúum framkvæmdaefndar landsmóts, með tilliti til hvernig best sé að halda á þessum málum.

6. Önnur mál.

Guðmundur Jónsson kynnti bréf til L.H. frá samgöngunefnd Alþingis þar sem farið er fram á umsögn L.H. varðandi frumvarp að nýjum vegalögum. Svar þarf að berast fyrir 15. janúar. Ákveðið að Kristján, Kristmundur og Guðbrandur komi saman og semji álitsgerð fyrir hönd stjórnar L.H.

Formaður sleit fundi kl. 19:01.

Guðbrandur Kjartansson
Halldór Gunnarsson
Kristján Auðunsson
Kristmundur Halldórsson
Jón Bergsson

Guðmundur Jónsson
Sigfús Guðmundsson
Sigbjörn Björnsson
Stefán Erlingsson
Sigurgeir Bárðarson